



# LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

VIÐ ERUM TIL TAKS



# LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

Landhelgisgæsla Íslands hefur farið í gegnum miklar breytingar og endurnýjun á skömmum tíma. Í kjölfar umfangsmikillar stefnumótunarvinnu hefur Landhelgisgæslan fengið nýtt skipurit og ný lög. Höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar hafa fengið nýtt húsnæði í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð og nýtt skip og ný flugvél eru í sjónmáli. Starfsfólki Landhelgisgæslunnar hefur fjölgað með yfirtöku verkefna þyrusveitar varnarliðsins og þyrulukostur stofnunarinnar stækkar í takt við þær breytingar.

Það er ánægjuefni að fá tækifæri til að leiða stofnunina í gegnum þessar breytingar en þær hafa allar átt sér stað í ráðherratíð Björns Bjarnasonar dóms- og kirkjumálaráðherra.

Landhelgisgæslan er rótgróin stofnun sem sinnir að mörgu leyti sömu verkefnum í dag og í upphafi en þeim hefur þó fjölgað til muna. Tækjakostur stofnunarinnar er auk þess mun öflugri og fjölbreyttari en þegar Landhelgisgæslan hóf sitt skeið. Helstu áherslubreytingarnar felast í fjölbjóðlegu samstarfi um eftirlit með fiskveiðum á úthafinu, vörnum gegn hryðjuverkum og mun meiri áherslu á eftirlit með mengun á hafinu.

Nýtt kjörorð Landhelgisgæslunnar „Við erum til taks“ vísar á breiðum grundvelli til starfsemi Landhelgisgæslunnar í nútíð og framtíð. Það á við hvort sem vitnað er til leitar og björgunar, löggæsluverkefna, sjómælinga á öruggum siglingaleiðum eða annarra sérhæfðra verkefna sem starfsmönnum Landhelgisgæslunnar er trúað fyrir. Kjarninn sem að baki því stendur er að vera til taks.

Georg Kr. Lárusson  
forstjóri

## SAGAN

Stofndagur Landhelgisgæslu Íslands er miðaður við 1. júlí 1926 en þann dag tók íslenska ríkið formlega við rekstri vélskipsins Þórs af Björgunarfélagi Vestmannaeyja. Þór hafði þá m.a. verið notaður til landhelgisgæslu í samvinnu ríkisins og Vestmannaeyinga allt frá árinu 1922. Fallbyssar var sett á Þór árið 1924 vegna þess að erlendir togaraskipstjórar tóku ekki vel fyrir mælum frá óvopnuðu varðskipi. Fyrsta nýsmíðaða varðskip Íslendinga kom til landsins 23. júní 1926. Það var gufuskipið Óðinn sem var vopnað tveimur 57 mm fallbyssum. Íslendingar höfðu þó með ýmsum hætti gert tilraunir til landhelgisgæslu frá því að Englendingar hófu skipulegar togveiðar við landið um 1891 og eru til frásagnir af stormasömum samskiptum Íslendinga við erlenda fiskimenn fyrir þann tíma. Útlendingar hófu að einhverju marki veiðar hér við land á fyrri hluta 15. aldar. Danir sáu að mestu um landhelgisgæslu við Ísland þar til íslenska ríkið hóf útgerð Þórs í samvinnu við Björgunarfélag Vestmannaeyja.



### Farðu fagmannlegu leiðina

Við bjóðum stórt úrval af varahlutum fyrir Beechcraft King Air, Learjet og Falcon flugvélar. Staðsetning okkar við Hartsfield Jackson flugvöllinn í Atlanta gerir okkur mögulegt að senda vörur okkar hvert sem er, hvenær sem er.



**PROFESSIONAL**  
AVIATION ASSOCIATES

Professional Aviation Associates, Inc.  
4694 Aviation Parkway, Suite K · Atlanta, GA 30349 USA  
Sími 404-767-0282 · Fax 404-767-1467  
shouse@proaviation.com · www.proaviation.com



www.or.is

**Orkuveita**  
Reykjavíkur



**Pú getur verið svalur án þess að þér sé kalt**  
– í norsku ullamærfötunum frá Devold



**ELLINGSEN**

Fiskislóð 1, Reykjavík • Sími: 580 8500 • [www.ellingsen.is](http://www.ellingsen.is)

 **LUX AEROSPACE S.A.**

*Við sendum Landbelgigæslu Íslands  
heillaóskir í tilefni 80 ára afmælisins*

**Lux Aerospace s.a.**  
Zone Industrielle, Hall 2 · L-5280 Sandweiler · Luxembourg  
Sími: (+352) 355 686 · Fax: (+352) 355 687

Þegar landhelgin var færð út, fyrst í 4 sjómílur árið 1952, því næst í 12 sjómílur árið 1958 og loks árin 1972 í 50 sjómílur og 1975 í 200 sjómílur, stækkaði fiskveiðilögsaga Íslendinga gífurlega. Viðbrögð þeirra þjóða sem stundað höfðu fiskveiðar á hafinu í kringum Ísland voru hörð og til átaka kom, eins og kunnugt er. Þorskastríðunum lauk öllum með fullum sigri Íslendinga og höfðu þau málalok áhrif á alþjóðavettvangi.

Starfsemi Landhelgisgæslunnar er nú ákaflega yfirgripsmikil og hafa verkefnið aukist jafnt og þétt með árunum. Starfsmenn Gæslunnar eru á annað hundrað og úr 15 stéttarfélagum. Helstu verkefni hennar eru löggæsla og eftirlit á hafinu umhverfis Ísland, ábyrgð og yfirstjórn á leit og björgun á sjó, aðstoð við björgun og sjúkraflutninga á landi, sjómælingar, sjúkortagerð og sprengjueyðing. Á degi hverjum fást starfsmenn Gæslunnar við fjölbreytt verkefni og er enginn dagur eins.



## BJÖRGUNARMÍÐSTÖÐIN SKÓGARHLÍÐ

Landhelgisgæslan hefur nú flutt höfuðstöðvar sínar í Björgunarmiðstöðina Skógarhlíð, að Skógarhlíð 14 í Reykjavík. Skrifstofa Landhelgisgæslunnar, sjómælingasvið, sprengjusveit, lager og stjórnstöð eru nú þar til húsa. Þar eru saman komin, ásamt Landhelgisgæslunni, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Neyðarlínan, fjarskipta- og bifreiðamiðstöð lögreglunnar og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Hagræði er falið í því að þessir viðbragðsaðilar séu á sama stað og auðveldar það samstarf. Landhelgisgæslan rekur Vaktstöð siglinga í Björgunarmiðstöðinni samhliða stjórnstöð Landhelgisgæslunnar samkvæmt þjónustusamningi við Siglingastofnun. Einnig er starfsstöð í flugskýli Landhelgisgæslunnar við Reykjavíkflugvöll þar sem flugmenn, flugvirkjar og annað starfsfólk flugdeildar hefur vinnuástöðu. Þriðja starfsstöðin er svo á Faxagarði í Reykjavíkurhöfn en þar er varðskýli Landhelgisgæslunnar. Starfsmenn varðskýlis sjá um vöktun varðskipa og sjómælingaskips sem leggjast þar að bryggju auk fleiri starfa í þágu varðskipanna.



- Dugguvogi 4
- 104 Reykjavík
- Sími: 588 8000
- [www.slippfelagid.is](http://www.slippfelagid.is)



## Öflug þjónusta við sjávarútveginn

BéBé Vöruhús sérhæfir sig í aðföngum, lagerhaldi og dreifingu fyrir leiðandi fyrirtæki til sjós og lands.

Ef þú ert ekki viðskiptavinur nú þegar þá er lag að kynna sér starfsemina betur og sjá hvað við getum gert fyrir þig.



Vesturvör 30c  
200 Kópavogur  
Sími 512-3000  
[www.filter.is](http://www.filter.is)

mjöll frigg  
Jærnþings stekari

ibSiúval ehf.

FILTERTÆKNI

GÆDALAKKI





Líklega bestu pizzur í heimi!

STOFNSETT 1986

**Eld**  
*Smíðjan*  
ENGRI LÍK!

Eldbökuð gæði

Bragagötu 38 - 101 Reykjavík ☎ 562 3838

**ALPINE**  
AIR SUPPORT GMBH

[www.alpine.aero](http://www.alpine.aero)

Við óskum Landhelgisgæslu Íslands til hamingju með 80 ára afmælið

# SÓLARHRINGUR HJÁ LANDHELGISGÆSLU ÍSLANDS

00:05

Vaktstöð siglinga / stjórnstöð Landhelgisgæslunnar berst boð frá Bodö í Noregi um að merki berist frá neyðarsendi skips í gegnum gervitungl. Slíkt þarf ekki endilega að þýða að skip sé í hættu því neyðarmerki berast um 600 sinnum á ári en aðeins er um raunverulega vá að ræða í örfáum tilvikum. Neyðarmerki frá skipum eru hins vegar ávallt tekin alvarlega.

00:07

Könnun starfsmanna Vaktstöðvar siglinga / stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar leiðir í ljós að skip vantar á skjá sjálfvirku tilkynningarskyldunnar (STK). Síðast fréttist af ferðum þess um 5 sjómílur suðvestur af Reykjanesi. Áhöfn flugvélar Landhelgisgæslunnar sem er í eftirlitsflugi á slóðinni fer þegar að svipast um eftir skipinu. Varðskipið Ægir, sem er á siglingu í nágrenninu, breytir um stefnu og heldur að leitarsvæðinu. Það er búið vel þjálfaðri 18 manna áhöfn og fullkomnum búnaði. Haft er samband við danska sjóherinn og grennslast fyrir um staðsetningu skipa og þyrlna þeirra. Haft er samband við Slysavarnafélagið Landsbjörgu sem ræsir flugbjörgunarsveitina út. Flugvélin getur þá tekið flugbjörgunarsveitarmennina með sem útkikksmenn ef á þarf að halda þegar hún lendir til eldsneytistöku.

00:09

Haft er samband við eiganda skipsins, í þessu tilfelli útgerðarfélag. Fengnar eru upplýsingar um áhöfnina og aðstandendur hennar.

00:27

Þyrla Landhelgisgæslunnar heldur af stað frá flugskýli Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurflogvelli. Opinber útkallstími er 60 mínútur. Meðalútkallstími er hins vegar 22 mínútur sem þykir afar gott. Árlega berast 120-150 útköll.

00:40

Áhöfn eftirlitsflugvélar Landhelgisgæslunnar kemur auga á skipið sem er vélarvana og hefur rekið í strand. Myrkur er á strandstað en þyrluáhöfnin er búin nætursjónaukum sem koma sér vel við aðstæður sem þessar. Þyrla Landhelgisgæslunnar er væntanleg innan tíðar og mun sækja mennina um borð í skipið.



## Heildarlausn í einkennis- og vinnufatnaði

- Vinnuföt
- Persónuhlífar
- Einkennisfatnaður
- Sérframleiðsla

- Þjónusta
- Þægindi
- Gæði

Hexa þakkar áralangt farsælt samstarf



414 8400 • [www.hexa.is](http://www.hexa.is)



**STORK®**  
*Fokker*

**FOKKER SERVICES**

Fyrir framúrskarandi flugrekstur

[www.fokkerservices.com](http://www.fokkerservices.com) | [www.myfokkerfleet.com](http://www.myfokkerfleet.com) | [www.myfirstfokker.com](http://www.myfirstfokker.com)



## BJÖRGUNARHLUTVERK LANDHELGISGÆSLUNNAR

Eitt meginhlutverk Landhelgisgæslunnar er björgun manna úr sjávarháska eða á landi, aðkallandi sjúkraflutningar og björgun eða aðstoð við báta og skip í lögsögu landsins. Þá veitir Gæslan afskekktum stöðum og byggðarlögum hjálp þegar hefðbundnar samgöngur bregðast, svo sem vegna náttúruhamfara. Landhelgisgæslan aðstoðar einnig við framkvæmd almannavarna, almennrar löggæslu, læknabjónustu og toll- og vitabjónustu.

Hjá Vaktstöð siglinga / stjórnstöð Landhelgisgæslunnar er sólarhringsvakt til að hægt sé að bregðast við neyðarköllum eins skjótt og hægt er. Nauðsynlegt er fyrir Landhelgisgæsluna að hafa ítarlegar upplýsingar um staðsetningu skipa og báta. Mörg skip eru búin sjálfvirkum staðsetningarbúnaði sem sendir reglulega upplýsingar um staðsetningu þeirra og er hægt að fylgjast með ferðum þeirra á skjá í Vaktstöð siglinga / stjórnstöð Landhelgisgæslunnar.

Björgun úr sjávarháska og aðstoð við skip í vanda eða strönduð skip er á ýmsa vegu. Þegar mannlíf eru í húfi er þyrila send til björgunar. Oft koma margir að slíkri björgun, svo sem þyrilur, flugvél og varðskip Landhelgisgæslunnar, erlendir sjóherir og strandgæslur, nærstödd skip, björgunarsveitir, slökkvilið og lögregla. Árlega koma varðskipin fjölda skipa til aðstoðar með því að draga þau til hafnar eða með því að kafarar varðskipanna losa aðskotahluti eða veiðarfæri úr skrúfum þeirra.

01:30

Þyrila Landhelgisgæslunnar sækir alla skipverja um borð í skipið og flýgur með þá til Reykjavíkur. Varðskipið fer í það næstu klukkutíma að undirbúa björgun skipsins ásamt fulltrúum útgerðar, tryggingafélags skipsins og Umhverfisstofnun. Koma þarf í veg fyrir að skipið eyðileggist og mengun berist frá því. Reynt verður að draga skipið af strandstað á kvöldflóðinu.

08:00

Starfsmenn sjómælingasviðs Landhelgisgæslunnar (Sjómælinga Íslands) mæta til starfa. Þeirra biður það verkefni að meta nákvæmlega hvenær háflóð verður á strandstað og skoða þær mælingar sem til eru af svæðinu.



### VIKING skarar fram úr



VIKING býður mikið úrval af öryggis- og björgunarbúnaði fyrir aðila innan gæslu- og björgunstarfa. Allt frá nýjustu og bestu tækni til sérsníðinna eða staðlaðra lausna. Allar vörur okkar eru viðurkenndar eftir nýjustu alþjóðastöðlum.

- Einstök brautafloftakerfi
- Fyrsta flokks björgunarbátar í flugvél og skip
- Stórt úrval af öryggisgöllum og björgunarvestum
- Framúrskarandi létt skotheld vesti

Littu við á skrifstofu okkar eða skoðuðu heimasíðu okkar á [www.VIKING-life.com](http://www.VIKING-life.com)



VIKING Björgunarbúnaður · Hvaleyrarbraut 27 · 220 Hafnarfjörður  
Sími 544 2270 · Fax 544 2271 · [www.VIKING-life.com](http://www.VIKING-life.com)

Member of safety  
VIKING





## Hefur þú tíma til að fylgjast með allri fjölmiðlaumfjöllun?

Við fylgjumst með öllum fréttum í sjónvarpi, útvarpi, prentmiðlum, heimasíðum og fleiru

- Vöktun á umfjöllun samkvæmt þinni skilgreiningu
- Aðgangur að gagnasöfnum fréttu
- Ýmis sérsniðin þjónusta

### FJÖLMÍÐLAVAKTIN

AUGU & EYRU ATVINNULÍFSINS

Brautarholti 10-14, 105 Reykjavík • Sími 550 9660 • fmv@fmv.is • www.fmv.is





## SJÓMÆLINGAR OG SJÓKORTAGERÐ

Sjómælingasvið Landhelgisgæslunnar sér bæði um sjómælingar og sjókortagerð. Sjómælingar fara fram yfir sumartímann á mælingaskipinu Baldri og starfar áhöfnin við úrvinnslu gagna á veturna í samvinnu við sjókortagerðarfólk. Uppfærð sjókort eru grundvöllur öruggra siglinga og er öllum skipum skylt að hafa slík kort. Landhelgisgæslan / sjómælingasvið gefur mánaðarlega út *Tilkynningar til sjófarenda* þar sem m.a. er greint frá leiðréttingum sem færa þarf inn í sjókort. Sífellt er verið að endurmeta hafsvæði þar sem mælingar eru orðnar gamlar.



## SPRENGJUEYÐING

Innan Landhelgisgæslunnar er starfrækt sprengjudeild. Hlutverk hennar er að tilkynna um, fjarlægja eða gera skaðlaus reköld, tundurdufl, sprengjur eða aðra hluti sem hætta getur stafað af. Mikil sérþekking á sprengjueyðingu er til staðar innan Landhelgisgæslunnar auk þess sem hún á afar öflugan búnað, sérhæft vélmenni sem veitir mikla möguleika við sprengjueyðingu og tvo sérútbúna bíla sem notaðir eru til að flytja vélmennin og annan nauðsynlegan búnað milli staða.

10:00

Starfsmenn sprengjudeildar starfa við sprengjuleit og sprengjueyðingu á Vogahéiði. Svæðið var áður skotæfingarsvæði bandaríska hersins en er nú vinsælt útivistarsvæði.

11:00

Áhöfn varðskipsins Týs framkvæmir skyndiskoðun á skipum fyrir norðan landið. Skipsskjöl, búnaður, lögskráning, atvinnuréttindi yfirmanna, veiðarfæri og afli eru skoðuð og reynist allt í stakasta lagi.



Nýr Vegaatlas  
www.lmi.is

Landmælingar Íslands • Stílholti 16-18 • 300 Akranes • (+354) 4309000 • lmi@lmi.is



**JÁKÓ / ISACO**  
VÉLAR OG EFNAVÖRUR S/F

BOX 277 - 202 KÓPAVOGUR - Sími: 564 1819/ 565 7744



Bestu árnaðaróskir til starfsmanna Landhelgisgæslu Íslands  
í tilefni af 80 ára afmæli í þjónustu lands og þjóðar

Gutenberg ehf. | Síðumúla 16, 108 Reykjavík | Sími 545 4400 | Fax 545 4401 | [www.gutenberg.is](http://www.gutenberg.is)

## VIÐ ÞJÁLFUM FÓLK TIL KREFJANDI STARFA

VIÐ ERUM SAMSTARFSADILAR

LANDHELGISGÆSLU ÍSLANDS

UM ÞJÁLFUN FLUGMANNA.



530 5100

✉ [INFO@FLUGSKOLI.IS](mailto:INFO@FLUGSKOLI.IS)

🌐 [WWW.FLUGSKOLI.IS](http://WWW.FLUGSKOLI.IS)

ZEITON



## LÖGGÆSLA Á HAFINU

Landhelgisgæsla Íslands sinnir almennri löggæslu á hafinu, þ.m.t. fiskveiðieftirliti, öryggisgæslu, landamæraeftirliti tengdu Schengen-samkomulaginu og eftirliti með mengunarlögsögu.

Almenn löggæsla á hafinu felst öðru fremur í eftirliti með farartækjum á sjó. Það er gert með fjarskiptum frá stjórnstöð, loftförum Gæslunnar og varðskipum. Fylgst er með því hvort skipin séu háffær, hafi nauðsynlegan öryggisbúnað, hvort réttindi stjórnenda um borð séu fullnægjandi og hvort lögum um fiskveiðar, fiskveiðistjórnun og nytjastofna sjávar er fylgt eftir. Landhelgisgæslan fylgist einnig með mengun, farartálmum á sjó og hvort vitar og önnur siglingamerki séu í lagi. Leynd hvílir yfir ferðum varðskipanna og er sjófarendum sem verða þeirra varir óheimilt að gefa upp staðsetningu þeirra.

Löggæsla á hafi er að mörgu leyti frábrugðin annari löggæslu. Eitt helsta verkefni Landhelgisgæslunnar er fiskveiðieftirlit. Áhafnir varðskipa framkvæma skyndiskoðanir og skrá niður ef eitthvað er athugavert eða ólöglegt. Hafi fiskveiðibrot verið framið er skipinu vísað til hafnar þar sem lögregla í samstarfi við Landhelgisgæsluna heldur rannsókn málsins áfram.

Eftirlit með umgengni um nytjastofna sjávar hefur það að markmiði að stuðla að sjálfbærri nýtingu nytjastofnanna. Reynt er að koma í veg fyrir brottkast afla og sjá til þess að allur afli sem kemur að landi sé vigtaður og skráður. Sérstakt eftirlit er haft með að smáfiskur í afla sé innan viðmiðunarmarka og að veiðar séu í samræmi við hagkvæma nýtingu nytjastofna. Sé hlutfall smáfisks of hátt gerir Landhelgisgæslan Hafrannsóknastofnun viðvart og vakthafandi fiskifræðingur ákveður hvort loka þarf veiðisvæðinu. Fiskveiðieftirlit Landhelgisgæslunnar felst einnig í því að mæla möskvastærðir veiðarfæra.




## DUTCHI MOTORS



Erum með allar stærðir og gerðir af rafmóturum



**SEGULL**  
Hólmaslóð 6 - 101 Reykjavík  
Sími: 551 5460 - 596 2104 - 696 2110  
Fax: 552 6282 - segull@segull.is



Segull er alhliða þjónustufyrirtæki í rafliónaði, til lands og sjávar, sem annast nýlagnir og breytingar á rafkerfum í skipum, verksmíðum og öðrum byggingum. Viðgerðisþjónusta Seguls nær til raftagna, rafvéla og hvers konar rafbúnaðar.

[www.segull.is](http://www.segull.is)

Ert þú með kúreka um borð?



## RESTECH NORWAY AS

Ef ekki þá er hin hárnákvæma Restech PLT Mooring 75 línuvarpa lausnin. Varpan er langdræg, handhæg og endingargóð og gerir festingu báta og skipa einfalda og þægilega.

Frekari upplýsingar á [www.restech.no](http://www.restech.no)

Jordbruksveien 41 - NO-8007 Bodø - Noregi  
Sími: (+47) 75 54 24 40 - Fax: (+47) 75 54 24 41  
[restech@restech.no](mailto:restech@restech.no) - [www.restech.no](http://www.restech.no)





**EKRAN** 

Fyrir eldhús fagmannsins





## VARNIR GEGN MENGUN

Landhelgisgæslan gegnir, ásamt Umhverfisstofnun og Siglingastofnun Íslands, veigamiklu hlutverki er lýtur að vörnum gegn mengun hafs og stranda. Landhelgisgæslan hefur eftirlit með hafsvæðinu í kringum landið af sjó og úr lofti. Ef mengunarslys er yfirvofandi getur Landhelgisgæslan beitt íhlutunarrétti gagnvart skipum og ber stofnuninni að bregðast við mengunarslysum með öllum tiltækum ráðum.

14:36

Neyðarlínan fær símhringingu frá vegfarendum sem komu að bílslysi í Gilsfirði. Ökumaðurinn er fastur í bílnum en er með meðvitund. Hjúkrunarfræðingur búsettur í nágrenninu er kallaður út og hlúir hann að manninum þar til sjúkrabíll, læknir og lögregla koma á slysstað. Vaktstöð siglinga / stjórnstöð Landhelgisgæslunnar setur björgunarþyrluna Líf í viðbragðsstöðu. Óskað er eftir mannskap frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins með klippur og annan björgunarbúnað til að fara með þyrlunni á vettvang.

15:15

Læknir er kominn á slysstað og í ljós kemur að ökumaðurinn er mikið slasaður. Læknirinn óskar eftir þyrlu Landhelgisgæslunnar sem leggur þegar af stað ásamt slökkviliðsmönnum.

16:06

Björgunarþyrla Landhelgisgæslunnar, Líf, kemur á vettvang. Slökkviliðsmenn klippa bílinn til að ná þeim slasaða úr flakinu og er hann fluttur með þyrlunni til Reykjavíkur.

17:32

Líf lendir með hinn slasaða við Landspítala - háskólasjúkrahús í Fossvogi.

Landhelgisgæsla Íslands  
Skógarhlíð 14  
105 Reykjavík  
Skiptiborð 545 2000  
Fax 545 2001  
Netfang: lhg@lhg.is



Vaktstöð siglinga / stjórnstöð Landhelgisgæslunnar  
Vakt allan sólarhringinn  
Sími: 545 2100  
Netfang: sar@lhg.is  
Útkallssími: 511 3333



## Ríkiskaup – útboð skila árangri

**Ríkiskaup** annast innkaup á vörum og þjónustu á innlendum og erlendum markaði fyrir opinberar stofnanir og fyrirtæki og beita sér fyrir samræmdum innkaupum. Lögð er rík áhersla á þekkingaröflun og kröfur gerðar um heilindi, traust og fagleg vinnubrögð.

**Ríkiskaup** leggja áherslu á að gæta hagsmuna viðskiptavina sinna og starfsmenn stofnunarinnar hafa víðtæka þekkingu og reynslu á sviði opinberra innkaupa.

**Ríkiskaup** beita sér fyrir rafrænum viðskiptaháttum opinberra stofnana og fyrirtækja og lækka þannig heildarútgjöld til opinberra innkaupa.

Ríkiskaup | Borgartúni 7c - 105 Reykjavík | s: 530 1400 | www.rikiskaup.is

  
**RÍKISKAUP**  
Skilja - Bæta - Spara



## Proderm húðvörn

€ € Skráð læknavara

- Lagar við fyrstu notkun þurrk, sviða og kláða
- Vörn gegn sóttreinsiefnum og vatni, latex og gúmmihönskum
- Verndar húðina fyrir efnum á bilinu pH1-pH12
- Engin fituáferð
- 100 skammtar í brúsa

Fæst í apótekum

Celsus ehf.  
[www.celsus.is](http://www.celsus.is)

Landhelgisgæslan, starfsfólk sjúkrahúsa og annað fagfólk notar Proderm með góðum árangri.



[www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is) | 570 3030

Njóttu dagsins  
**Taktu flugið**



**Aðeins fimm skref á Netinu og þú ferð á loft**  
Það getur ekki verið auðveldara. Þú bókar flugið á [flugfelag.is](http://flugfelag.is) þar sem þú finnur ódýrustu fargjöldin og að auki frábær tilboð.

**Njóttu dagsins, taktu flugið og smelltu þér á [flugfelag.is](http://flugfelag.is)**

**FLUGFÉLAG ÍSLANDS**  
Taktu flugið

**ABB**

**Túrbínur**

*Við erum sérfræðingar í ABB túrbínur hér á landi*

**STURLAUGUR & CO**

Fiskilóð 14 • Sími 551 4680



Við óskum Landhelgisgæslunni til hamingju með nýju Sperry Marine tækin frá okkur



Ánanaust 1 og Fiskislóð 16  
Sími: 5200000 / 5805300



## „Aðrir treysta á mig, ég treysti Motorola“



Motorola GP340



Motorola GP360



Motorola Tetra MTH800

Þau eru mörg augnablikin þegar öll fjarskipti þurfa að ganga fullkomlega upp. Þeir sem annast björgun mannslífa á landi og sjó um allan heim treysta á Motorola talstöðvar þegar ekkert má út af bregða.

Þú færð öflugar og traustar Motorola talstöðvar á góðu verði hjá Hátækni.



Daniel Eyþór Gunnarsson, björgunarsveitinni Árséll

ppor / SIA

TRIAD communication | www.triad-co.com